

## Mótaröðin - hópfimleikar

Mótaröðin samanstendur af þremur hópfimleikamótum sem verður dreift yfir vorönnina. Liðin safna stigum yfir þessi þrjú mót og einungis verða veitt verðlaun á lokamótinu. Keppt verður í semi-lendingu og er markmið mótaraðarinnar að leyfa fleiri iðkendum að fá keppnisreynslu, ýta undir möguleikann á að prufa ný stökk í keppni og leyfa fleiri keppendum að njóta sín á keppnisgólfinu. Hvetjum við þjálfara til þess að setja saman alls konar lið og leyfa öllum að taka þátt.

## Keppnisreglur

Kept verður eftir Code of Points, reglum fyrir unglinga. Þar af leiðandi mega öll lið keppa með eina umferð á dýnu þar sem einungis eru framkvæmd tvö stökk.

## Dómarar

Dómarar skulu allir hafa gilt dómaraþróf í Code of Points reglunum frá UEG. Þrír E-dómarar verða á hverju áhaldi, fjórir CD dómarar á gólfi og einn CD dómari á dýnu og trampólíni.

## Liðin

Lið samanstanda af 6 - 12 keppendum.

Keppendur skulu vera 13 ára á árinu eða eldri. Ekki verður nánari aldursskipting. Keppt verður í þremur kynjaflokkum, kvennaflokki, karlaflokki og flokki blandaðra liða.

Keppendur geta ekki keppt við sjálfa sig og mega því einungis keppa með einu liði á hverju móti.

Í blönduðum flokki þarf að vera jafnt hlutfall kvenna og karla. Ef það er ekki jafnt hlutfall er dregið frá af framkvæmdaeinkunn liðsins. Ef það eru fleiri karlar en konur í umferð/á gólfi, er tekinn fullur frádráttur skv. CoP (3,0 á umferð fyrir hvern auka kk keppanda eða 1,0 á gólf fyrir hvern auka kk keppanda). Ef það eru fleiri konur en karlar í umferð/á gólfi er dregið frá 1,0 af lokaeinkunn áhalds.

Að lágmarki 6 keppendur keppa á hverju áhaldi en frjálst er að skipta keppendum á milli áhalds. Það þýðir að einhverjir keppendur gætu keppt



einungis á gólfi, einungis á dýnu eða einungis á trampólíni. Ekki er veittur frádráttur fyrir að vera með of fáa keppendur í gólfæfingum ef 6 eða 7 keppa á gólfi.

Ekki er þörf á því að keppa á öllum áhöldum en liðin safna stigum fyrir gengi á hverju áhaldi.

## Tölfræði

Allir keppendur skulu hafa keppnisnúmer á búningnum sínum, skv reglum sem má finna á heimasíðu sambandsins. Haldið verður utan um tölfræði einstaklinga og eftir lokamót keppnisraðar hvers tímabils verður valið í “All stars” lið.

## Stig og verðlaun

Á meðan á mótariðinni stendur munu liðin sem skrá sig safna stigum. Stigagjöfin er eftirfarandi:

1. Sæti: 20 stig
2. Sæti: 18 stig
3. Sæti: 16 stig
4. Sæti: 14 stig
5. Sæti: 12 stig
6. Sæti: 10 stig
7. Sæti: 8 stig
8. Sæti: 6 stig
9. Sæti: 4 stig
10. Sæti: 2 stig

Veitt eru stig fyrir hvert áhald, sem og samanlagðan árangur. Hæsti mögulegur stigafjöldi sem lið getur fengið á einu móti eru 80 stig, fyrir sigur á öllum áhöldum og í samanlögðum árangri.

Einungis verða veitt verðlaun á lokamótinu, þegar að sigurvegari mótaraðarinnar er krýndur. Þá verða veitt verðlaun fyrir það lið sem er með flest stig í heild, flest stig á trampólíni, flest stig á gólfi og flest stig á dýnu.